

Samkomulag um tilfærslu starfsþáttu prófessora milli Háskólans á Hólum og Félags prófessora við ríkisháskóla

Frá 01.08.2022 verður tilflutningur milli starfsþáttu hjá prófessorum með þeim hætti sem lýst er hér að neðan:

Flokkur	Núverandi kennsluskylda	Flutningur starfsskyldu frá kennslu á rannsóknir og stjórnun og þjónustu	Árleg kennsluskylda frá 01.08.2022
Prófessor I	769	0	769
Prófessor II	769	30	739
Prófessor III	769	60	709
Prófessor IV	769	90	679
Prófessor V	769	120	649
Prófessor VI	769	150	619
Prófessor VII	769	160	609

Hugmyndin að baki lækkaðrar kennsluskyldu með hækkandi flokki prófessora byggir á því að veita þeim sem lagt hafa mikla áherslu á rannsóknir stigvaxandi lækkun á kennsluskyldu til að vega upp á móti á lagi vegna rannsókna og annarra starfa. Samingsaðilar leggja áherslu á að þessi lækkun kennsluskyldu gangi eftir, þ.e.a.s. að dregið sé úr kennslu sem þessum afslætti nemur en þess er vænst að prófessorar séu leiðandi í rannsóknum og öflugir leiðtogar í stjórnun háskólans. Samningurinn byggir m.a. á bókun 2 í kjarasamningi Félags prófessora við ríkisháskóla og fjármálaráðherra frá 25. nóvember 2014 um sérstöðu prófessora.

(http://professorar.hi.is/sites/professorar.hi.is/files/Undirritaður%20miðlægur%20kjarasamingur%20FOPR%2020251114_1.pdf). Rétt er að undirstríka að um tilflutning milli starfsþáttu er að ræða, heildarumfang starfsskyldna prófessora er áfram það sama. Minni kennsluskylda getur komið fram sem aukinn tími til rannsókna og einnig sem aukinn tíma til stjórnunar, þó innan þess ramma sem tilflutningurinn setur. Prófessorar bera þannig meiri stjórnunarábyrgð en aðrir akademískir starfsmenn.

Við uppgjör á kennslu tiltekið ár er því miðað við 769 stunda kennsluskyldu og því ekki greitt sérstaklega fyrir kennslu sem rúmast innan afsláttar nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru hér fyrir neðan.

Rektor, sviðsstjórar og prófessorar skipuleggja kennslu innan kennsluskyldu hvers prófessors en heildaráætlun er síðan samþykkt af rektor. Rektor eða sviðsstjórar geta ekki einhliða ákveðið að prófessorar skuli kenna umfram þann tímafjölda sem tilgreindur er í töflunni hér að ofan.

Deildarstjórar og prófessorar skulu sameiginlega ákveða hvernig kennslubyrði skiptist milli leiðbeiningar BA/BS, MA/MS og PhD nema annars vegar og kennslu í námskeiðum hins vegar. Skal sú áætlun miðast við kennsluskyldu eins og lýst er í 4. dálki töflunnar hér að ofan.

Í sérstökum tilvikum, t.d. ef um er að ræða aukna kennsluþörf vegna langtímoveikinda í deild eða fæðingarorlofs geta rektor og prófessorar gert skriflegt samkomulag um aukna kennslu umfram kennsluskyldu eins og henni er lýst í 4. dálki töflunnar hér að ofan. Skal slík kennsla gerð upp

RV

EBO

samkvæmt hefðbundnum yfirvinnutaxta vegna kennslu sé hún greidd út. Í slíkum tilvikum skal taka tillit til töflu 2 um yfirvinnupak í 3. tölulið viðauka við stofnanasamning FPR og Hóla frá 16. nóvember 2015. Þetta á eingöngu við þegar ekki reynist unnt að mæta kennsluþörf með öðrum hætti en aukinni kennslu prófessora. Slíkt samkomulag skal gert fyrirfram, vera rökstutt, samþykkt og staðfest skriflega af forseta fræðasviðs.

Samráðsnefnd Félags prófessora við ríkisháskóla og Háskólans á Hólum skal skera úr um ágreiningsmál er kunna að koma upp í tengslum við framkvæmd samnings þessa.

Samkomulag þetta tekur gildi 1. ágúst 2022.

Háskólanum á Hólum, 1. desember 2021

Erla Bragi Ólafsdóttir
F.h. Háskólans á Hólum

Rimur Lilljálmsson
F.h. Félags prófessora við ríkisháskóla